

LÖG

um breytingu á lögum um málefni fatlaðs fólks og lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (notendastýrð persónuleg aðstoð).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 2. másl. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögunum koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Heimilt er að framlengja samninga sem gerðir hafa verið árið 2017 til ársloka 2018, eða fram að gildistöku laga þar sem kveðið verður á um réttinn til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Jafnframt er heimilt að gera nýja samninga í samræmi við heimildir í fjárlögum fyrir árið 2018.

II. KAFLI

Breyting á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

2. gr.

2. mgr. bráðabirgðaákvæðis 9 í lögunum verður svohljóðandi:

Ákvæði þetta gildir fram að gildistöku laga þar sem kveðið verður á um réttinn til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar, en þó ekki lengur en til ársloka 2018.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2018.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 2017.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Ásmundur Daðason.